

REGLUGERÐ

**um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2016 samkvæmt lögum
um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.**

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar skulu vera sem hér segir fyrir árið 2016:

- a. Hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 1. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna skal nema 651.539 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna skv. 2. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna skal nema 169.058 kr. á mánuði.
- c. Fjárhæð greiðslna til líffæragjafa í námi skv. 1. mgr. 15. gr. laganna skal nema 169.058 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 18. gr., sbr. 8. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 40/2009, um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, öðlast gildi 1. janúar 2016. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1219/2014, um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2015 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

Velferðarráðuneytinu, 21. desember 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2015